

Ed.

704. Nefndarálit

[238. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 29. sept. 1972. Með samningu þessa frv. er inntur af hendi hluti þess viðfangsefnis, sem nefndinni var falið, því að í skipunarbréfinu fær hún þessi fyrirmæli:

„Endurskoðunin skal við það miðuð, að Landnám ríkisins hætti starfsemi sinni sem sjálfstæð stofnun, en verkefni þess verði falið öðrum stofnunum, sem vinna í þágu landbúnaðarins, eftir því sem við á og hagkvæmt þykir.“

Nefndin, sem samdi þetta frv., segir í athugasemdum með því, að viðfangsefni hennar „greinist í þrjá höfuðþætti:

1) Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjórn hennar og fjárhagsaðstaða. 2) Landnám ríkisins, skipan þeirra mála, er því eru falin í lögum. 3) Bygging og rekstur grænófóðurverksmiðja.“

Sagt er, að nefndin hafi samið sérstakt frumvarp um heykögglaeverksmiðjur ríkisins, og verði það lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frv.

Einnig er frá því skýrt í athugasemdum, að sérstök nefnd hafi samið frv. til jarðalaga, sem spanni yfir hluta af þeim viðfangsefnum, sem Landnám ríkisins hefur haft með höndum.

Af þessu má ljóst vera, að lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, sem ákveðið er í þessu frv. að fella úr gildi 1. janúar n. k., eru ekki nema að hluta til inni í þessu frv. Aðrir mikilvægir þættir laganna eru enn óséðir og þingmönnum því ókleift að gera sér grein fyrir og meta á hlutlægan hátt þá breytingu á gildandi skipulagi um stjórnun fjárfestingarmála og skipulagsmála strjálbýlisins, sem boðað er í athugasemdum með frv., að stefnt sé að.

Þar sem frumvörpin til jarðalaga og til laga um heykögglaeverksmiðjur hafa ekki enn verið lögð fram á Alþingi, er með engu móti unnt að finna þá stefnu í þessum málum, sem nefndinni frá 29. sept. 1972 var ætlað að móta, og með því að ekkert knýr á um það að samþykkja þetta frv. í heild, sem hér er til ákvörðunar, þá getur 1. minni hl. landbúnaðarnefndar ekki stutt það. Hins vegar munum við hera fram tillögu um að efla fjárhagsstöðu Stofnlánadeildarinnar, því að í því er aðkallandi þörf.

Sú tekjuáætlun, sem gerð var um fjárhagsafkomu Stofnlánadeildarinnar, hefur ekki staðizt þá áköfu verðpenslu, sem er í byggingaiðnaðinum. Sú þróun krefur um hærri fjárhæðir frá ári til árs til þessa fjárfestingarárs eins og annara. Þar sem 4. gr. frv. gerir ráð fyrir hliðstæðum fjáröflunarleiðum til Stofnlánadeildarinnar eins og upphaflega var lagður grundvöllur að 1962, getum við fallizt á ákvæði greinarinnar og leggjum til, að hún verði samþykkt óbreytt og felld inn í gildandi lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, en að öðru leyti verði ekki hróflað við gildandi lögum, en aðrar greinar þessa frv. verði felldar niður og efni gildandi laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum tekið til endurskoðunar og afgreiðslu í einu lagi, þegar frumvörp um þau efni liggja fyrir og alþingismenn fá tíma til að skoða þau í heild.

1. minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði breytt á þann hátt, sem tilgreint er í brtt. okkar, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Steinþór Gestsson, Jón Árnason.
frsm.